



## Fundargerð

470. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 19. ágúst 2021, kl.16.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Ingimar Ingimarsson (II), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum var Ívar Þórðarson slökkviliðsstjóri sat hann undir liðnum önnur mál á dagskránni.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár

Dagskrá:

## Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

### 1. 469. Fundur sveitarstjórnar 16. júní 2021

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

### 2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 17. ágúst 2021.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 2108008 – Gröf 139572, umsókn um skráningu nýrrar landeignar, Gröf vegsvæði.

*Sveitarstjórn samþykkir umsókn um skráningu landeignarinnar Gröf vegsvæði úr landi Grafar 139572. Samþykkt með 3 atkvæðum. II og KK sátu hjá.*

2.2 2104008 – Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, breyting legu Djúpadalsvegur, umsögn Umhverfisstofnunar.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og gerir hana að sinni. Samþykkt samhljóða.*

2.3. 2108005 – Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 breyting.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

2.4 2108006 – Húsnæðismál í sveitarfélaginu.

*Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og samþykkir reglur um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum út kjörtímabilið eða til loka maí 2022 til að ýta undir nýbyggingar í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn vonast til að tímabundin niðurfelling leiði til aukins framboðs á íbúðarhúsnæði, bæði til eignar og leigu. Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa Hólatröð 1 og 3 til sölu á ný. Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjóra falið að auglýsa lausar lóðir á vef sveitarfélagsins.*

2.5 1903004 – Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006 -2018, breyting vegna vindorkuvers í Garpsdal, tilkynning Skipulagsstofnunar um tafir á afgreiðslu máls.

*Lagt fram.*

2.6 2105002 – Bjarkalundur, breyting á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

### **3. Fundargerð Fjallskilaneftdar 16. ágúst 2021**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

#### **3.1 Fjallskilaseðill 2021**

Fjallskilaseðill 2021 lagður fram til samþykktar.

*Sveitarstjórn samþykkir Fjallskilaseðil 2021 og felur sveitarstjóra að auglýsa hann á vef sveitarfélagsins og senda hann út til bænda.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

### **Mál til afgreiðslu**

**1. 2108010 - Fjárhagsáætlun 2022 – 2025, rammaáætlun 2022.**

Lögð er fram til kynningar rammaáætlun fyrir árið 2022.

*Farið yfir helstu forsendur í áætluninni. Sveitarstjórn vísar rammaáætlun til gerðar fjárhagsáætlunar 2022 – 2025. Samþykkt samhljóða.*

**2. 2108011 - Rampur til sjósetningar.**

Lagt er fram erindi frá Björgunarsveitinni Heimamönnum dags 19. júní 2021.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leita lausna á málinu. Samþykkt samhljóða.*

**3. 2108012 - Motus, innheimtusamningur.**

Lagður er fram endurnýjaður samningur um innheimtupjónustu við Motus ehf.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.*

**4. 2108013 - Starfsmannamál.**

ÁHH vék af fundi.

**4.1 Ráðning í starf matráðs.**

*Lagður er fram ráðningasamningur við matráð Mötuneytis Reykhólahrepps.*

*Samningur samþykktur samhljóða.*

ÁHH kom aftur inn á fundinn.

**4.2 Starf umsjónarmanns íþróttamannvirkja.**

Sveitarstjóri tilkynnti um brotthvarf Elds Snæs Arnþórssonar úr starfi umsjónarmanns með íþróttamannvirkjum. Starfið hefur þegar verið auglýst á ný.

Sveitarstjórn þakkar Eldi Snæ störf hans í sumar.

**5. 2108015 - Málefni leikskólans.**

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps fagnar þeim gangi sem kominn er í framkvæmdir á leikskólalóð og hvetur jafnframt verktaka og starfsmenn Reykhólahrepps til þess að flýta verkinu eins og kostur er.*

*Jafnframt hvetur sveitarstjórn forstöðumenn að leiða saman hesta sína við lausn á tímabundnum starfsmannavanda leikskólans sem fyrst.*

**Mál til kynningar**

**1. 2108014 - Starfshæfi sveitarstjórna, auglýsing samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.**

Lagt fram og kynnt.

**2. 2108016 - Náttúruvernd og efling byggða aðgerð C.09.**

Lagt fram til kynningar.

*Sveitarstjórn styður að stofnaður verði starfshópur um framtíð Breiðafjarðar og að fjármunir sem ætlaðir eru í þessa byggðaaðgerð verði nýttir í verkefnið.*

**3. 2102014 – 192. - 193. fundir Breiðafjarðarnefndar.**

Fundargerðir lagðar fram.

**4. 2102015 - 899. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerð lögð fram.

**Önnur mál:**

**1. 2108018 – Ný slökkvibífið.**

Erindi frá slökkviliðsstjóra dagsett 19. ágúst 2021.

Slökkviliðsstjóri mætti á fundinn og fór yfir tilboð á notaðri slökkvibifreið sem gæti verið góð lausn fyrir slökkvilið Reykhólahrepps.

Ívari var þökkuð kynningin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:30
